

öðrum þessi ýmsu skjöl með skuldbindingu um að gjöra hvor öðrum kunnugar þær breyt- 189
ingar, sem hvor um sig kynni að finna ástæðu til að gjöra á þeim síðar meir.

12. grein.

Með því sjerstök lög gilda og ganga í nýlendum og útlöndum (dèpendences) samnings-gjöranda, eru þau ekki innifalin í hinum framanskriafaða samningi.

Samt sem áður skulu þegnar samnings-gjöranda njóta þar (y jouiront) með tilliti til verzlunar og siglinga sinna, með tilliti til skipa og tollgjalda, hvort þeir eru heldur komandi eða farandi, og með tilliti til afgreiðslu skipa og vara hinna sömu rjettinda, einkaleyfa, undanþága, ívilnana og undantekninga, sem eru eða verða veittar þeirri þjóð, sem mest er ívilnað.

13. grein.

Samningur þessi hættir að gilda og ganga ári eptir, að annar hvor samnings-gjörandi hefir sagt hann sjer af höndum (dènoncé) eða óskað að hann væri endurskoðaður.

14. grein.

Samningur þenna skal staðfesta og staðfestingarnar skulu afhentar í Kaupmannahöfn innan fjöggra mánaða eða fyr, ef verða má¹. Til staðfestingar samningsins hafa hlutadeigandi umbodssmenn undirskrifað hann í tvennu lagi, og innsiglað hann með merkisinsiglum sínum.

Gjört í Kaupmannahöfn, 8. sept. 1872.

O. D. Rosenörn-Lehn. *J. Courtoys d'Anduaga.*

(L. S.)

(L. S.)

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám hins íslenzka 190*
styrktarsjóðs. — Þjónustusamlega sendi jeg yður, herra landshöfðingi, hjer með 7. nóv.
nokkur sjerstök exemplör af fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, sem staðfest voru af hans hátign konunginum 24. f. m. (stjórnartíð. A 58 bls.), sem og af athugasemdun- um við frumvarpið til fjárlaganna sumpart handa sjálfum yður til afnota, sumpart til útbýtingar meðal hlutadeigandi embættismanna, og vil jeg mælast til þess, að þjer hlutitiz til um greiðslu á launum o. fl., samkvæmt reglum þeim, sem í þessu tilliti standa.

Í sambandi við þetta læt jeg ekki dragast að tjá yður til þóknarlegrar leiðbeiningar, að með því að jeg varð að vera samþykkur skodun þeirri, sem herra landshöfðinginn hefir látið í ljósi í þóknalegu brjefi frá 30. ágúst síðastl. um, að til þess að nema úr gildi konungsúrskurð frá 23. júlí 1844, er stofnaði hinn íslenzka styrktarsjóð, yrði að útvega sjerstakan konungsúrskurð, hefir samþykkis konungs verið leitað í máli þessu, og hefir hans hátign síðan 24. f. m. allramildilegast fallitiz á, að styrktarsjóður Íslands, sem stofnaður var með konungsúrskurði 25. júlí 1844, sje af numinn frá 1. janúar næstkomandi, sem og, að eigur sjóðs þessa frá sama tíma sjeu lagðar í viðlagasjóð hins íslenzka landssjóðs.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjalddaga afhend- 191*
ingargjalds í dánarbúi. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað brjef 7. nóv.
sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þar sem hann spyr, hvort 200 kr. afhendingargjald, er

1) Staðfestingin fór ekki fram fyr en 21. des. 1878. og var þá um leið ákveðið, að þó frestur sá, sem tiltekinn hafði verið fyrir staðfestingunni, væri útrunninn, skylði þetta ekki á neinn hátt vera því til fyrirstöðu, að hinar ýmsu ákvarðanir samningsins fengu framkvæmd.

191 21. desbr. f. á. var talið dánarbúi nokkru til út-
7. nóv. lida samkvæmt 37. gr. aukatekjureglu-
gjörðarinnar frá 10. september 1830, eigi ekki að og óskipt að falla sjer í skaut, með því öll embættisstörf, er að búi þessu lutu, ne a að eins afhending búsins hafi verið leidd til lykta fyrir 6. júní 1878, en frá þeim tíma öðluðust lög um laun sýslumanna og bæjarfógeta frá 14. desember 1877 lagakraft, eða, ef þetta er ekki svo, þá hversu mikill hluti af nefndu gjaldi sjer beri, og hversu mikið landssjóðnum. Jafnframt hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 16. f. m. skotið þessari spurningu til úrskurðar ráðgjafans, og hafið þjer getið þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sje á þeirri skoðun, að gjaldið allt og óskipt beri sýslumanninum, með því það eptir hinum tilvitnaða stað í aukatekjureglugjörðinni sje talið laun fyrir starf skiptaráðanda, og öll meginstörf sýslumannsins í umræddu dánarbúi hafi verið um garð gengin fyrir 6. júní 1878. Aftur á móti efizt þjer um, að þetta sje rjett, þar eð afhendingargjaldið, samkvæmt 37. gr. aukatekjureglugjörðarinnar virðist ekki að vera annars eðlis en almennt skiptagjald, og megi því ekki reikna það fremur en skiptagjaldið fyr en að loknu búinu, því þá má fyrst heita, að unnið hafi verið til þess.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn verður að vera ásama máli og þjer, að sýslumanninum beri ekki neinn hluti af umræddu afhendingargjaldi, og virðist ráðgjafanum, að það samkvæmt fyrgreindum lögum frá 14. des. 1877 eigi að falla landssjóðnum óskipt í skaut. Að öðru leyti sætir mál þetta fullnaðarúrslitum dómstólanna.

192 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kostnað við flutning á strandmönnum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 18. september þ. á. senduð þjer, herra landshöfðingi, reikning að upphæð 44 kr., sem bera hreppstjóranum í Geithellnahreppi í Sudurmúlasýslu fyrir flutning austur í Djúpavog á 4 mönnum af skipshöfninni á galeas «Concordia», er strandaði á Papós í september f. á., og hefir sá reikningur verið sendur svo seint, að hann varð ekki tekinn til greina, þegar skilagrein var gjörð fyrir viðkomandi strandi. Ráðgjafinn skoraði þar eptir á J. Johnsen kaupmann hjer í bœnum að endurborga af fje því, er hann hefði fengið upp úr strandinu bæði hina nefndu upphæð og aðra upphæð til 11 kr. 52 a., sem ranglega var komin inn í tekjur strandfjárins fyrir vasaúr, sem var eign skipstjórans, og hefir hann fengið andvirði þess útborgað; en kaupmaðurinn færðist undan að endurborga tjeðar upphæðir, og álitur ráðgjafinn sjer ekki fært að útvega hlutaðeigöndum þessar upphæðir endurgoldnar.

Þegar svona stendur á, hefir ráðgjafinn ekki álitid það til neins, að skora aptur á Johnsen kaupmann að bæta fyrgreindum hreppstjóra fje það, sem um er rætt í áminnztu brjefi herra landshöfðingjans frá 15. september þ. á. að upphæð 71 kr. 50 a., og sem hreppstjórin á fyrir flutning á nokkrum skipbrotsmönnum af skonnortunni «Cito», er strandaði í október 1877, þar sem nefndur Johnsen kaupmaður hefir þegar áður í brjefi til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skorast nndan að greiða fje þetta.

Jafnframt því að endursenda hina umræddu 2 reikninga, er herra landshöfðingjanum hjer með þjónustusamlega tjáð hið framantalda til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.